



Fjölbrotaskóli Snæfellinga
350 Grundarfjörður

Hæfnimiðað nám í Fjölbrotaskóla Snæfellinga

LOKASKÝRSLA TIL SPROTASJÓÐS 2012

LOKASKÝRSLA TIL SPROTASJÓÐS

Nafn skóla: Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Heiti verkefnis: Hæfnimiðað nám í FSN

Verkefnisstjóri: Jón Eggert Bragason, skólameistari FSN

Samningur númer 65.2012-2013

Markmið verkefnisins:

Að þróa heildstætt eins vetrar nám fyrir nýnema FSN.

Að samþætta efni sem hingað til hefur tilheyrt ólíkum greinum.

Að bjóða áhugavert nám við hæfi.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði:

Stjórn verkefnisins var í höndum skólameistara og aðstoðarskólameistara FSN. Þegar stjórnendur settust yfir stöðuna í september 2012 kom upp sú metnaðarfulla hugsun að byggja upp námsbrautir við FSN sem byggðu fyrst og fremst á grunnþáttunum sex læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Hugmyndin var kynnt á kennarafundum og fékk strax mikla athygli og kennarar lýstu þeirri skoðun sinni að þarna fælist tækifæri fyrir skólann til þess að skerpa á sérstöðu sinni. Samþætting, lotubundið nám, vettvangsnám, vinnustaðanám, samstarf við félagasamtök og stofnanir voru hugtök sem flugu um og allir voru spenntir og höfðu á orði að loksins væru hugmyndir starfsmanna skólans að taka á sig mynd eftir nokkurra missera meðgöngu þar sem margt hefur verið rætt án þess að komast í framkvæmd.

Til þess að skerpa á sýninni fengum við Árnýju Helgu Reynisdóttur til þess að vinna með okkur og fræða okkur um hvernig Íslandsáfanginn við MA varð til. Kennarar unnu í hópum og skrifuðu niður hugmyndir að samþættum áföngum, þar sem grunnþættirnir voru útgangspunktarnir. Við vinnuna höfðum við m.a. sviðsmyndir frá Svæðisgarði Snæfellsness þar sem afmörkuð svæði á Nesinu voru skoðuð m.t.t. sögu, jarðfræði, nýtingar fyrr og nú og ekki síst hvernig við sæjum fyrir okkur framtíðina á þessu afmarkaða svæði.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Eftir nokkra vinnufundi fór að bera á spurningum um skipulag og hlut hvernar greinar fór að þvælast fyrir og stjórnendur sakaðir um að hafa ekki byggt upp þann ramma sem nauðsynlegur væri til þess að hægt væri að vinna á þennan máta. Í lok október var okkur orðið ljóst að okkur tækist ekki ætlunarverk okkur að skipuleggja einsvetrar samþætt nám fyrir væntanlega nýnema.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Menn fóru að efast um að nærsamfélagið væri tilbúið fyrir slíkar breytingar. Seint í nóvember gengu Kennarasamband Íslands og fjármálaráðuneytið frá samkomulagi um breytingu á kjarasamningi framhaldsskólakennara þar sem m.a. var viljayfirlýsing um að kennarar ynnu að innleiðingunni. Þetta samkomulag var fellt í atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna og þar með datt stemmingin innan kennarahóps FSN niður þó svo að vinna ákveðinna kennara héldi áfram.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Strax í upphafi vorannar breyttum við aftur upp ermar og sömdum nú við þrjá kennara um frekari vinnu. Hópurinn hefur fundað reglulega á önninni. Nú þegar liggja fyrir nýjar brautarlýsingar og uppbygging brauta. Vinna við samþættu áfangana NÁL (náttúrulæsi) og MEL (menningarlæsi) er stóra verkefnið eftir páska og þar þurfa enn fleiri að koma að. Hugmyndin er að semja áfangalýsingu á þessum tveim samþættu áföngum og sækja um leyfi til tilraunakennslu þeirra á næsta skólaári. Ef af verður verða allir nýnemar skráðir í þessa áfanga næsta haust og þar með fengist dýrmæt reynsla fyrir áframhaldandi vinnu við innleiðinguna.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Eins og fram hefur komið þá er vinna enn í gangi og verkefnið kemur til með að halda áfram næsta skólaár með það markmið að geta sótt um leyfi til kennslu nýrra brauta við FSN fyrir 1.febrúar 2014. Ráðuneytið kemur til með að meta afrekstur verkefnisins þegar sótt verður um tilraunakennslu nýrra brauta.

Niðurstöður verkefnisins

Þrátt fyrir að hlutirnir hafi ekki gengið eins og lagt var upp með þá er ljóst að okkur miðar í rétta átt. Í stað þess að ætla að umbylta öllu námsframboðinu fyrir nýnema þá erum við núna að vinna í svipaða átt og gert ert í Menntaskólanum í Kópavogi með nýja samþætta áfanga sem þar heita Nál (náttúrulæsi) og Mel (menningarlæsi).

Áætlun um kynningu á afrekstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Fyrir skólalok verður kynning fyrir skólanefnd FSN og stjórnendum grunnskólanna á Nesinu á stöðunni og að hverju við stefnum. Í lok apríl verður vinnufundur með kennurum og stjórnendum Menntaskóla Borgarfjarðar og FSN þar sem við komum til með að kynna þetta fyrir þeim og þeir kynna sinn afrakstur í námskrárvinnu. Skólarnir tveir hafa nokkurt samstarf nú þegar og stefna á enn frekara samstarf.

Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um

Vinna við innleiðingu laga nr.92/2008 er því miður ekki komin lengra hjá okkur en þessi skýrsla ber með sér en án styrksins værum við komin enn skemur. Það að umbylta áherslum tekur samkvæmt okkar reynslu mun lengri tíma en við höfðum auk þess sem slíkt verkefni kallar á verkefnastjóra, aðkomu sérfræðinga og úttektaraðila.

Grundarfirði 22.mars 2013

Jón Eggert Bragason

Skólameistari FSN